

**450. fundur fræðslunefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 9.  
mars 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Finney Raket Árnadóttir formaður, Þórarinn B. B. Gunnarsson varaformaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

**Embættismenn:**

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2022 - 2020090032**

Verkefnalisti lagður fram og yfirfarinn af fræðslunefnd.

*Verkefnalisti lagður fram til kynningar.*

**2. Verktakasamningur um sálfræðiþjónustu 2023-2025 - 2023030033**

Lagður fram samningur um sálfræðiþjónustu við starfandi skólasálfræðinga Ísafjarðarbæjar þær Björg Norðfjörð og Sólveigu Norðfjörð sem gildir 2023-2025. Núgildandi samningur rennur út í lok skólaársins 2022-2023.

*Fræðslunefnd vísar samningi um skólasálfræðiþjónustu til bæjarstjórnar til samþykktar.*

**3. Verktakasamningur um samþætta þjónustu og kennsluráðgjöf - 2023030034**

Lagður fram samningur um samþætta þjónustu við Sólveigu Norðfjörð, sem nú sinnir verkefnastjórn við innleiðingu farsældarlaganna í Ísafjarðarbæ. Ásamt verkefnastjórn mun hún jafnframt sinna kennsluráðgjöf í Ísafjarðarbæ.

*Fræðslunefnd vísar samningi um samþætta þjónustu til bæjarstjórnar til samþykktar. Nefndin fagnar því að Ísafjarðarbær geti nú aukið þjónustu sína með kennsluráðgjöf til skólanna.*

**4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023 - 2023010001**

Lögð fram tilkynning frá samráðsgátt stjórnvalda, dagsett 24. febrúar 2023, um að mennta- og barnamálaráðuneytið kynni til samráðs mál nr. 38/2023 „Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.“ Umsagnarfrestur er til og með 10. mars 2023.

*Fræðslunefnd telur nýja þjónustu- og þekkingarmiðstöð á sviði fræðslu- og menntamála vera framfararskref í menntámálum á Íslandi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:45**

---

Finney Rakeł Árnadóttir

---

Þórarinn B. B. Gunnarsson

---

Steinunn Guðný Einaradóttir

---

Elísabet Samúelsadóttir

---

Magnús Einar Magnússon

---

Hafdís Gunnaradóttir